



**Fræðsla**  
**vegna rafrænnar sjónvarpsvöktunar hjá Akureyrarbæ**

**Ábyrgðaraðili** sjónvarpsvöktunar er Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri, s. 4601000.

**Persónuverndarfulltrúi** Akureyrarbæjar er Inga Þöll Þórgnýsdóttir, akureyri@akureyri.is.

**Hvar vöktun fer fram** Vöktun fer fram í alrými, inngangi að húsnæði og á lóð öryggisvistunar að nokkrum íbúakjörnum.

**Merkingar** Þeir staðir þar sem sjónvarpsvöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti.

**Tilgangur vöktunar er í öryggis- og eignavörsluskyni.** Heimild til vinnslu Vöktun fer fram til að gæta lögmætra hagsmuna íbúa og starfsmanna með vísan til öryggis- og eignavörslu, sbr. 6. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og skv. samningi við félagsmálaráðuneytið um þjónustuna.

**Tími vöktunar** Vöktunartími er allan sólahringinn.

**Varðveislutími myndefnis** Myndefni er ekki varðveitt.

**Tegundir persónuupplýsinga** Við vöktunina má sjá einstaklinga sem fara um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

**Aðgangur að vöktun** Sjónvarpsvöktun er aðeins aðgengileg vakthafandi starfsmanni.

**Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd** Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.

14. júní 2023